

Stjórnarfundur 18. janúar 2023

Mættir: Eyþór Gíslason, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Sigurbór Ágústsson, Þórdís Arnardóttir, Elísabet Ýr Kristjánsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eyþór formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Sportabler, vandræði með skráningar á nýjum félagum í sportablerinn. Þórdís ætlar að fá aðstoð hjá Bjarney við að laga það.

Verðskrá reiðhóllarinnar: Komið hefur athugasemd um hátt gjald frá félögum. Umræður hvernig hægt væri að breyta eða koma til móts við fjölskyldur. Ýmsar tillögur settar fram.

Ákveðið að hafa aðgang ókeypis fyrir 17 ára félagsmenn og yngri. En þeir sem nota höllina þurfa samt að sækja um aðgang.

Sigurbór sýndi mynd af skilti sem verið er að hanna. 3 verða sett upp eitt á reiðhöllina, eitt á dómvallinn og eitt út við þjóðveg. Eyþór var með mynd af skilti hjá öðru félagi sem sýnir umgengnisreglur á svæði þess félags. Væri sniðugt að gera þannig hér

Rætt um auglýsingar á reiðhöllina. Einhvern tímann voru viðræður við KB um auglýsingu. Taka þær viðræður upp aftur.

Sigurbór hefur verið í reiðhöllinni að laga vatnið sem hefur frosið í vetur. Fá verð í varmadælur í hesthúsið eða annað sambærilegt.

Eyþór fékk 120 sessur hjá Spretti sem voru að skipta út hjá sér. Komin fyrirspurn um að fá höllina leigða fyrir árs hátíð. Einnig fyrir hundanámskeið.

Vesturlandsdeildin verður. 80.000 kr leiga fyrir kvöldið. Inni í því verði eru æfingatímar. Einnig aðstaða í félagsheimilinu á lokakvöldinu ef þeir vilja. Á eftir að koma í ljós.

Nauðsynlegt að fá notkun á húsunum.

Vesturlandssýning. Hafa flotta sýningu. Skipa nefnd, velja dag og auglýsa. Hin félögin, ræktunarbú, o.s.frv....

Gunnar ætlar að setja saman nefnd. (Randi, Brynja).

Gjaldkeramál: Ruslamál við reiðhöllina. Alltaf lent á sömu aðilunum að fara með ruslið. Búið að panta ruslakar sem er tæmt tvisvar í mánuði.

Eigum við að hafa dansleik síðasta vetrardag? Já! Þórdís fer í málið. Tala við hljómsveitir

Iðunn er búin að vera mjög dugleg að safna styrkjum fyrir útimótin sem eru framundan í vor.

Fundarherbergið, fara í það eina kvöldstund að taka til.

Mætti ekki setja upp hillur fyrir bikara og hengja upp plattana?

Félagið á pening, tillaga frá gjaldkera að borga 1.500.000 inn á lánið. Var alltaf planið að borga niður lánið sem fyrst. Samþykkt af stjórn.

Ekki komin rukkun frá Borgarbyggð vegna leigu á reiðhöllinni í des og jan.

Sækja um framkvæmdarstyrk til Borgarbyggðar. Hvað ættum við sækja um? T.d. laga frárennismál í áhorfendabrekkunni (drullupyttur), laga félagsheimilið að utan – klæðning, mála o.fl. Halda áfram með lýsingar á svæðinu, kringum vellina – hesthús -hringvöllur-reiðhöll. Skjólvegg og neyðarútgang á reiðhöll.

Menntaskólanemar ætla að taka að sér að sjá um sjoppuna í vetur. Þarf að fara yfir búnað og finna út hvað vantar. – kaupa það. Eitthvað hefur horfið af t.d. kaffibrúsum.

Umræða um að merkja kerrupláss á kerrustæðinu.

Brynja búin að gera uppkast að reglum um íþróttamann Borgfirðings. Ætlar að senda stjórn sem fer yfir og ræður á næsta fundi.

Ekki fleiri mál tekin fyrir og næsti fundur ákveðinn 15. febrúar kl 19.30

Fundi slitið